

SÍP

SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

Aðalfundur SÍP haldinn á Rannsóknarstofu Mannvits, Víkurhvarfi 8 og í fjarfundarkerfi Microsoft Teams, þann 24. ágúst 2022 kl 15:00

Mættir: Elísabet Jóna Sólbergdóttir (EJS, Rannsóknarstofa í lyfja og eiturefnafræði), Guðgeir Svavarsson (GS, Frumherji), Elín Ásgeirsdóttir (EÁ, Malbikunarstöðin Höfði), Guðrún Eva Jóhannsdóttir (GEJ, Mannvit), Halla Halldórsdóttir (HH, Matís)

Fundarstjóri EÁ, Ritari: GEJ

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
2. Formaður skýrir frá störfum félagsins á liðnu ári.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins
4. Félagsgjöld ákveðin.
5. Kosning stjórnar.
6. Formaður kosinn.
7. Skoðunarmaður reikninga kosinn.
8. Lagabreytingar (engar tillögur hafa komið fram um lagabreytingar).
9. Önnur mál.

Fundur settur kl 15:15

1. Fundargerð síðasta aðalfundar samþykkt.
2. EJS lagði fram skýrslu stjórnar og las fyrir fundarmenn.
3. GS lagði fram endurskoðaða reikninga og voru þeir samþykktir
4. Ákveðið að halda félagsgjöldum óbreyttum.
5. Finnbogi Óskarsson (Ísor) er kosinn nýr inn í stjórn í stað GS sem lætur af stjórnarstörfum vegna starfsloka hjá Frumherja. Guðgeiri er þakkað kærlega fyrir gjaldkerastarfið. Finnbogi er ekki viðstaddur en býður sig fram til gjaldkera og er kosinn með öllum atkvæðum.
6. EJS býður sig aftur fram sem formann og er kosin með öllum atkvæðum.
7. Ákveða þarf nýjan skoðunarmann reikninga á fyrsta stjórnarfundi í samráði við nýjan gjaldkera.
8. Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fram.
9. Önnur mál
 - Kynning á Tæknisetri tókst afskaplega vel og æskilegt að fara í fleiri heimsóknir.
 - Marel nefnt sem nýr félagsaðili og þá hugsanlega hægt að fara þangað í heimsókn
 - Næsti stjórnarfundur verður hádegisfundur á veitingastað miðjan september þar sem Guðgeir verður kvaddur og Finnbogi boðinn velkominn í stjórn

Fundi slitið 15:55